

Bekkur: 10. bekkur

Námsgrein: Þjóðfélagsfræði/Samfélagsfræði

Kennarar: Birna Hlín Guðjónsdóttir

Tíma fjöldi: 3 kennslustundir á viku (2 klst.)



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn:

Á ferð um samfélagið

Ýmis gögn frá kennara og á neti

Lykilhæfni:

Unnið er eftir hæfniviðmiðum aðalnámskrár

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Vinnulag samfélagsgreina	- Geta útskýrt, rökrætt og beitt mikilvægum hugtökum samfélagsgreina. - Get spurt fjölbreyttra spurninga og tekið þátt í gagnrýninni umræðu um samfélagsleg og siðferðileg málefni frá mismunandi sjónarhornum. - Geta tekið á ábyrgan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu. - Geta aflað sér upplýsinga um samfélagsleg og alþjóðleg málefni úr heimildum á fjölbreyttu formi, túlkað og hagnýtt. - Geta sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum. - Geta vegið og metið upplýsingar og skoðanir úr heimildum á margvíslegu formi, myndað sér eigin skoðanir og tekið upplýsta afstöðu til málefna. - Geta miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum og hnattrænum málefnum á fjölbreyttan og skapandi hátt.	Einstaklingsvinna, hópavinna, umræður, verkefnavinna, fyrirlestrar og fleira	Fylgst er með hvernig nemendum tekst að ná þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram fyrir samfélagsgreinar með leiðsagnarmati. Við matið verður leitast við að finna hvað nemandinn getur með því að leggja fyrir hin ýmsu verkefni þar sem nemendur geta sýnt þekkingu sína, sem og meta hæfni nemenda í umræðum. Hæfni nemenda verður metið með því að merkja inn hvernig þeir standa miðað við þau hæfniviðmið sem þeir eiga að ná hverju sinni.
Sjálfsmynd	Geta útskýrt hvernig sjálfsmyndin mótast af menningu, félagslegu umhverfi, aðstæðum og alþjóðlegum áhrifum.		

	• Geti rökstutt mikilvægi eigin jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfar vaxtar og seiglu fyrir persónulega farsæld og þroska. • Geta fjallað með gagnrýnum hætti um og greint staðalmyndir og fordóma, uppruna þeirra og afleiðingar. • Geta gert sér grein fyrir þörfum sínum og fjallað um ábyrgð sína á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði. • Geta gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og myndað sér raunhæfa framtíðaráætlun á grunni þeirrar sjálfsþekkingar. • Geta beitt hugtökum tengdum kynjafræði og útskýrt hvaða hlutverki þau gegna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd. • Geta þekkt margbreytileika eigin tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta. • Geta borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett mörk í samskiptum og virt mörk annarra og útskýrt mikilvægi virðingar. • Geta gert grein fyrir hvernig þarfir, langanir og hegðun móta fjárhagslega stöðu einstaklinga og tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu.		
Siðferði og trú	• Geta borið saman ólíkan bakgrunn og fjölbreytni fólks, fjallað um og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði. • Geta fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.		
Borgaravitund	• Geta útskýrt hlutverk reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur. • Geta útskýrt uppruna, einkenni og framkvæmd lýðræðis og skoðað hlutverk borgara á gagnrýninn hátt í hnattrænu samhengi. • Geta ígrundað eigin getu til aðgerða og beitt sér á ábyrgan hátt fyrir málefnum sem stuðla að betra samfélagi. • Geti útskýrt þróun og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands og þátttöku í alþjóðasamfélaginu, • Geta þekkt almenn ákvæði um mannréttindi, uppruna þeirra og áhrif, hafi Barnasáttmálann Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og geti rökrætt gildi mannréttinda og jafnréttis á öllum sviðum samfélagsins og á heimsvísu. • Geta útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélag.		

	• Geta bent á, fyrirbyggt og útskýrt rétt viðbrögð við ýmsum hættum í manngerðu umhverfi og náttúrunni. • Geti greint hvernig hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögð og stjórnmál, móta samfélagsgerð og tengjast lífi einstaklinga. • Geta skilið að skatt- og fjármálaumhverfi og líf skjör í samfélagi eru breytileg og þekkt þætti sem hafa áhrif á þau í alþjóðulegu samhengi. • Geta áttað sig á nauðsyn þess að sýna ábyrga hegðun í umferðinni vegna öryggis síns og annarra.		
--	--	--	--